



## VALSÁRSKÓLI

Í Valsárskóla er þema haustsins umhverfis og náttúrvernd. Við hér á Tjörnum (1. og 2. bekkur) erum byrjuð að skoða umhverfisstefnu sveitarfélagsins og hugtök eins og sjálfbærni, leiðarljós, endurnýting og endurvinnsla eru svolítið að vefjast fyrir hópnum. Eftir umræður um sjálfbærni fannst þeim þessi atriði geta skipt máli og haldast vel í hendur við það sem við getum gert til að vernda náttúruna í kringum okkar og skila henni sem bestri til barnanna sinna. Nemendur teiknuðu líka myndir, máli sýnu til stuðnings og það eru allir velkomnir á efrihæðina í Valsárskóla til að skoða þær.



Hugleiðingar nemenda.

Planta trjám til að bæta andrúmsloftið.

Tína rusl allstaðar.

Gróðursetja tré.

Borða mat þó hann sé ekki góður.

Flokka ruslið.

Bjarga fuglunum og sjónum.

8.-10. bekkur fari í kafbát og tíni rusl úr sjónum og hjálpi dýrunum sem sjá ekki vel og sjá ekki mun á rusli og fæðu.

Setja bónuspökana í ruslabílinn.

Taka allt rusl frá Tjörninni til að vernda Óðinshanann.

Taka dauð tré og greinar af lifandi trjám svo þau vaxi betur og taka rusl úr trjánunum.

Kær kveðja, allir á Tjörnum.

# KIRKJUKÓRINN

Góðir sveitungar!

Kirkjukórinn auglýsir eftir söngfólki!

Áhugasamir hafi samband við kórstjóran,

Petru Björk Pálsdóttur í síma 892 3154.

---

## BÓKASAFN

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps við Valsárskóla. Það er opið á mánudögum 17:00–19:00, en þess utan er hægt að komast á safnið þegar skrifstofan er opin.

Allir velkomnir að kíkja á safnið.

---

## NÆSTU RUSLADAGAR

12. september - Gráa / brúna tunnan

26. september - Gráa / brúna tunnan

3. október - Græna tunnan

10. október - Gráa / brúna tunnan

---

Ströndungur kemur næst út föstudaginn 11. október.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 9. október.